

Mútur í alþjóðlegum viðskiptum og skyldur endurskoðenda

Námskeiðslýsing

Mútur í alþjóðlegum viðskiptum grafa undan góðum stjórnarháttum og efnahagsþróun auk þess að sækja samkeppnisstöðu. Ísland er aðili að samningi OECD um erlend mútubrot en samkvæmt honum eiga aðildarríkin að gera það refsivert að bera mútur á opinbera starfsmenn í öðrum löndum til að þeir bregðist starfsskyldum sínum, mútugreiðandanum til hagsbóta. Gerðar hafa verið breytingar á íslenskum lögum í samræmi við samninginn en hann snýst einnig um mikilvægi góðra reikningsskila og endurskoðunar til að koma í veg fyrir og upplýsa um mútugreiðslur. Samningurinn tók gildi hér á landi 1999.

Á námskeiðinu verður fjallað um mútur í alþjóðlegum viðskiptum og aðgerðir til að bregðast við þeim, þar á meðal samning og tilmæli OECD. Rætt verður um löggjöf hér á landi um mútur og stefnumótun íslenskra stjórnvalda til að koma í veg fyrir spillingu, bæði með lagasetningu og vitundarvakningu. Sérstaklega verður fjallað um hlutverk og ábyrgð endurskoðenda og stjórnenda og leiðir til að upplýsa um mútur. Þá verður fjallað um tengsl mútubrota við svik og peningapvætti og fleiri þætti, þar á meðal mikilvægi stjórnarhátta, s.s. siðareglna og fyrirtækjamenningar.

Fyrirlesarar á námskeiðinu eru Sveinn Helgason sérfræðingur í innanríkisráðuneytinu og formaður starfshóps innanríkisráðherra um innleiðingu á alþjóðasamningum um aðgerðir gegn spillingu og mútum, Nolan Williams sérfræðingur í rekstraráhættu hjá Arion banka og meðlimur ACFE (Association of Certified Fraud Examiners) og Helga Hlín Hákonardóttir lögmaður og ráðgjafi hjá Strategíu.

Námskeiðið tekur 3,5 klst. og verður haldið þann 24. nóvember í fyrirlestrarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4, Reykjavík frá kl. 8:30 til kl. 12:00. Námskeiðið gefur 3,5 endurmenntunareiningar á sviði siðareglna og faglegra gilda.

24. nóvember nk. kl. 8:30-12:00

Mútur í alþjóðlegum viðskiptum og skyldur endurskoðenda

Námskeið 24. nóvember kl. 08:30-12:00 í húsnæði ANR, Skúlagötu 4, Rvík.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið í samstarfi við FLE munu standa fyrir námskeiði um mútur og spillingu í alþjóðlegum viðskiptum og skyldur endurskoðenda í að upplýsa um brot af því tagi. SKRÁ MIG HÉR. Á námskeiðinu verður fjallað um samning OECD um baráttu gegn mútugreiðslum til opinberra starfsmanna þvert á landamæri. Sérstaklega verður fjallað um hlutverk og ábyrgð endurskoðenda og fyrirtækja út frá góðum stjórnarháttum . Hér getur þú nálgast ítarlegri námskeiðslýsingu.

Með vísan til reglugerðar um endurmenntun endurskoðenda gefur námskeiðið 3,5 endurmenntunareiningar á sviði siðareglna og faglegra gilda..Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu. Skráning er til 22. nóvember.

Leiðbeinendur:

Nolan Williams, CFA, sérfræðingur í rekstraráhættu hjá Arion banka

Helga Hlín Hákonardóttir, lögmaður og ráðgjafi hjá Strategíu

Sveinn Helgason, sérfræðingur hjá innanríkisráðuneytinu